

Heilbrigðisráðuneyti
Skógarhlíð 5
105 Reykjavík

Reykjavík, 01.mars 2021
//khn

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 (afglæpavæðing neysluskammta).

Embætti landlæknis ítrekar fyrri afstöðu um að nálgast málefni þeirra sem eiga í vanda vegna notkunar eða misnotkunar vímuefna fyrst og fremst sem heilbrigðisvanda. Um leið vill embættið undirstrika að allar breytingar á málaflokknum kalla á heildræna nálgun og víðtækt samráð, þar á meðal við félagsmálayfirvöld. Þá ítrekar embættið að erfitt geti verið að einblína á einstakar aðgerðir án þess að sérstaklega sé fjallað um mat á áhrifum, bæði tilætluðum og óvæntum. Brýnt er að huga vel að áhrifum breytinga sem þessa svo hægt sé að meta ávinning Einnig ber að hafa í huga að ekki er hægt að fella alla sem nota eða misnota vímuefni undir eina skilgreiningu og að tillaga sem þessi, þó hún sé talin afmörkuð í frumvarpinu, muni hafa áhrif á aðra einstaklinga og hópa en tilgreindir eru í frumvarpinu. Fólki notar vímuefni af forvitni, sér til ánægju og til að auka félagsleg samskipti. Taka verður tillit til þess í allri stefnumótun.

Embættið bendir á að hvergi kemur fram í frumvarpinu tillaga eða áætlun um auknar forvarnir. Í Portúgal var gerð langtímaáætlun og ákveðið að fjármagn til málaflokksins skyldi tvöfaldað yfir fimm ára tímabil. Samhliða afglæpavæðingunni voru metnaðarfullar fjárfestingar gerðar í heilbrigðisþjónustu og sett fram umfangsmikil heildræn stefna. Yfirmaður SICAD sem fer með málaflokkinn í Portúgal, João Goulão, segir sjálfur að það sem hafi skipt sköpum hafi ekki verið afglæpavæðingin ein og sér: „Afglæpavæðing er ekki kraftaverk. Ef þú gerir aðeins það, þá versnar ástandið¹“. Það er ljóst að þeir sem bera ábyrgð á umbótunum sjá ekki að afglæpavæðing ein og sér hafi skilað tilætluðum árangri. Þvert á móti, hafa aðrar aðgerðir skipt sköpum. Þá er ekki fjallað um hvernig þessi lagabreyting eigi að auka aðgengi þeirra hópa, sem eiga í vanda vegna notkunar vímuefna, að heilbrigðisþjónustu heldur einungis nefnt að þörf sé á slíku.

Í ljósi þess hversu víðtæk áhrif þessi lagabreyting kann að hafa á stöðu barna og ungmenna er nauðsynlegt að gert sé mat á hagrænum og fjárhagslegum áhrifum frumvarpsins til að áætla heildaráhrif þess á ríki og sveitarfélög að teknu tilliti til kostnaðar og ávinnings til lengri tíma.

Það er því mat embættisins að varhugavert sé að stíga þetta skref án þess að móta heildarstefnu í þessum málaflokki sem tekur tillit til allra þátta.

Embættið leggur til að breytingar eins og þær sem koma fram í frumvarpinu verði ekki innleiddar nema sem hluti af opinberri stefnu um málaflokkinn, þá annað hvort í uppfærðri *Stefnu í áfengis- og vímuvörnum* (rann út 2020) eða í nýrri stefnu. Þá leggur embættið til að skipaður verði hópur

[Drug decriminalization is no silver bullet, says Portugal's drug czar | Vancouver Sun](#)

sérfræðinga sem fer á heildrænan hátt yfir málaflokkinn og skili af sér tillögum um aðgerðir eða heildrænni stefnu þar sem fram kemur ítarleg aðgerðaáætlun sem tekur til allra þátta vímuefnavandans, allt frá forvörnum, meðferðar og samfélagslegrar aðlögunar.

Helstu áherslupunktur til skoðunar:

- Mikilvægi heildrænnar stefnumótunar
- Mikilvægi samráðs við önnur yfirvöld s.s. félagsmálayfirvöld og sveitarfélög
- Líklegt til að hafa áhrif á viðhorf til notkunar
- Gæta þarf sérstaklega að hagsmunum barna og ungmenna
- Hverjar eru mótvægisáðgerðir vegna ótilætlaðra áhrifa?
- Hver er ávinningurinn með þessari breytingu?

Umsögnin er unnin í samvinnu við fagrað landlæknis í áfengis- og vímuvörnum.

Að lokum vill embættið taka fram að sérfræðingar þess eru reiðubúnir til að vera heilbrigðisráðuneyti til ráðgjafar um þessi áform.

Virðingarfyllst,

Kjartan Hreinn Njálsson
aðstoðarmaður landlæknis

Rafn Magnús Jónsson
Sérfræðingur á lýðheilsusviði embættis landlæknis